

# Þ-saga

\_\_\_\_\_ hlakkaði mikið til. Á föstudaginn var bóndadagur, og í leikskólanum var búið að undirbúa þorablótsveislu með því að gera víkingakórónur og æfa álfalög og þulur.

“Það er bara einn dagur eftir,” hugsaði hann með sér þegar hann kom í leikskólann glaður í bragði. En hann sá strax að það var eitthvað að. Bæði börn og kennarar voru svo niðurdregin og þungbúin. “Hvað hefur komið fyrir?” spurði hann, og vinur hans svaraði: “Það verður ekki þorablót á morgun. Allur þorramaturinn er horfinn!”

Þetta voru mikil vonbrigði fyrir \_\_\_\_\_, og þetta var ekki skemmtilegur dagur í leikskólanum. En það átti eftir að breytast, eins og þið fáið brátt að heyra.

Þegar \_\_\_\_\_ var kominn heim og lá á sófanum og glápti á sjónvarpið í alveg ömurlegu skapi var nefnilega allt í einu hringt dyrabjöllunni.

\_\_\_\_\_ stökk til dyra. En þegar hann opnaði var það ekki neinn sem hann þekkti. Reyndar var það hvorki barn né fullorðinn sem stóð fyrir utan. Það var þvottabjörn!

“Ehm, halló...?” sagði \_\_\_\_\_ svolítið undrandi.

“Halló, halló!” sagði þvottabjörninn. “Ekki vænti ég þú getir sagt mér hvernig ég get fundið kastala vonda galdrakarlsins?”

“Vonda galdrakarlsins?” spurði \_\_\_\_\_

enn meira undrandi.

“Já, sko, hann hefur nefnilega stolið öllum þorramatnum,” svaraði þvottabjörninn. “Og ég elska sko þorramat! Hákarl! Súrhvalur! Sviðasulta! Hangkikjöt! Nammi-nammi-namm! Ég verð að fara og fá hann til að skila matnum aftur!”

“Nú, var það hann, sem gerði það,” sagði \_\_\_\_\_. “Þvílíkur óþokki. Já, ég veit alveg hvar hann á heima. Kastalinn hans er til norðurs.”

Svo hugsaði \_\_\_\_\_ sig um. “En ég get víst ekki alveg útskýrt leiðina fyrir þér, svo að ég skal bara koma með þér. Þá get ég líka sótt þorramatinn handa leikskólanum mínum svo að við getum haldið þorablót á morgun.” Svo að \_\_\_\_\_ flýtti sér í kuldagallann og lagði strax af stað með þvottabirninum.

Það kom í ljós að þvottabjörninn hét Þjóðólfur. Þeir töluðu mikið saman á leiðinni og urðu hinir bestu vinir.

Þegar þeir voru búnir að ganga lengi, lengi komu þeir að djúpu fljóti. Þar var stórvaxinn maður með rautt hár og skegg, sem gekk fram og aftur og muldraði við sjálfan sig. Hann var greinilega mjög pirraður. Það var þrumuský yfir höfðinu á honum og úr því komu litlar eldingar við og við.

“Heyrðu, ég veit hver þú ert!” sagði \_\_\_\_\_ við hann. “Þú ert þrumuguðinn Þór!”

“Hmh! Já, það er rétt hjá þér,” svaraði Þór.

“Er eitthvað að? Getum við nokkuð hjálpað til?”

spurði \_\_\_\_\_.

“Ég missti hamarinn minn, hann Mjölni, niður í fljótið þegar ég ætlaði að fara yfir það” svaraði Þór, “og ég vil ekki bleyta fötin mín þegar ég sæki hann, því að ég er á leiðinni í veislu í Valhöll”.

\_\_\_\_\_ brosti. “Ekkert mál! Við getum hjálpað þér. Vinur minn, hann Þjóðólfur hérna, er nefnilega rosa góður að synda.”

Og svo stakk Þjóðólfur þvottabjörn sér til sunds í fljótinu. Hann fann Mjölni næstum strax, og Þór varð mjög glaður við að fá hann aftur. Hann hjálpaði félögunum yfir fljótið og vildi endilega launa þeim hjálpina.

“Gjörið þið svo vel,” sagði hann og rétti þeim fallegan flauelspoka. “Þetta er galdrapoki sem hefur þá náttúru, að maður getur alltaf tekið upp úr honum einmitt það sem maður þarf mest á að halda.”

Félagarnir þökkðu kærlega fyrir sig og héldu ferð sinni áfram. Innan tíðar voru þeir komnir að kastala galdrakarlsins og börðu að dyrum.

Galdrakarlinn kom til dyra, heldur fúll á svipinn. “Hverjir eruð þið og hvað viljið þið eiginlega?” hreytti hann ókurteislega út úr sér. “Getið þið ekki séð að ég er upptekinn hérna?”

“Ég heiti \_\_\_\_\_, og þetta er vinur minn Þjóðólfur þvottabjörn. Við vitum, að þú stalst þorramatnum og við viljum að þú skilir

honum aftur strax, þjófurinn þinn!”

Galdrakarlinn glotti bara. “Nú, nú, það bara svona!” sagði hann svo. “Allt í lagi. Mér finnst þessi þorramatur reyndar ekkert góður, þannig að þið megið alveg fá hann aftur. En fyrst verðurðu að leysa fyrir mig smá þraut.”

“Hvernig þraut er það?” spurði \_\_\_\_\_.

“Þú verður að gefa mér strax tíu hluti sem byrja á Þ. Annars sérðu aldrei þorramatinn framar!”

\_\_\_\_\_ brosti. “Ekkert mál,” sagði hann. “Ég held ég sé einmitt með þá hérna í pokanum!” Hann gat næstum ekki haldið niðri í sér hlátrinum. Galdrakarlinn vissi ekki að þetta var töfrapoki! Hann rétti hendina niður í pokann og tók upp fyrsta hlutinn ...

....

“Ohh, þetta var víst einum of auðveld þraut fyrir þig!” hreytti galdrakarlinn geðvonskulega út úr sér. “Hérna er þá þorramaturinn! Þú verður sjálfur að sjá um að taka hann til baka! Bless!” Hann skellti hurðinni á eftir sér og hvarf aftur inn í kastalann sinn.

\_\_\_\_\_ og Þjóðólfur þvottabjörn héldu heim á leið glaðir í bragði. Þvottabjörninn var mjög þakklátur fyrir hjálpina og þakkaði þúsund sinnum fyrir sig á leiðinni. “Þú ert sko allra besti vinur minn!” sagði hann margoft við \_\_\_\_\_.